



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Ársskýrsla 2023



Útskriftarhópurinn í desember 2023

1. Hlutverk og stefna

FB er opinber framhaldsskóli, starfræktur samkvæmt lögum nr. 80/2008 um framhaldsskóla og eru lokapróf frá skólanum stúdentspróf af bóknámsbrautum, listnámsbrautum og að loknu starfsnámi, lokapróf á húsasmiðabraut, rafvirkjabraut, snyrtibraut og úr sjúkraliðanámi. Einnig býður skólinn upp á fjögurra ára nám á starfsbraut, nám á framhaldsskólabraut og nám á íslenskubraut fyrir erlenda nemendur. Í FB er kennt í dagskóla og kvöldskóla. Rekstrarfé skólans ákvarðast af fjárheimildum Alþingis.

Sýn skólans er að efla einstaklinga til að skapa kærleiksríkt sjálfbært samfélag. Gildi skólans eru virðing, fjölbreytni og sköpunarkraftur og stefnumiðin eru í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:

- Við leggjum áherslu á frið, lýðræði, réttlæti, jöfnuð og jafnrétti
- Við vinnum saman að góðum námsárangri allra nemenda
- Við menntum nemendur til að stuðla að sjálfbærni og virða líf og umhverfi
- Við stuðlum að vellíðan og valdeflingu nemenda og starfsfólks
- Við leggjum áherslu á góða samvinnu, hvetjandi og nærandi samskipti
- Við iðkum, kennum og hlúum að nýsköpun
- Við ræktum góð tengsl út á við og vinnum með nærsamfélagi skólans

2. Fréttir úr skólalífinu

Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri undirrituðu viðauka við samning um stækkun á starfsnámsaðstöðu við skólann þann 19. janúar. Stækkunin nemur þannig alls um 2.400 m² og er fyrir nám í húsasmíði, rafvirkjun og listgreinum en áður höfðu Lilja B. Alfreðsdóttir og Dagur B. Eggertsson undirritað samning um byggingu nýs verknámshúss upp á 2.100 m². Húsið verður byggt samkvæmt stöðlum um sjálfbærni, enda mikilvæg fyrirmynd fyrir þá kennslu sem þar skal fara fram.



Á haustönn fékk skólinn tvær ráðherraheimsóknir. Mennta- og barnamálaráðherra kom þann 3. október og átti gott samtal við nemendur og stjórnendur á bókasafni skólans, leit inn í kennslustund og skoðaði byggingu sjálfbærs húss á skólalóðinni. Þann 18. október fengum við aðra ráðherraheimsókn, en það voru Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ásamt Ásmundi Einari Daðasyni mennta- og barnamálaráðherra. Aftur var tekin samræða á bókasafninu við nemendur, bæði íslenska og erlenda og starfsfólk skólans.



Sjálfbært hús reis á skólalóðinni á haustdögum. Auk FB standa Háskólinn í Reykjavík og rafverktakinn Rafal að húsinu. Stefnt er að því að nota eingöngu sjálfbæra orku eins og sólarcellur og vindorku til að hita húsið upp og rafvæða. Húsið býður upp á margvíslega samvinnu á milli deilda skólans sem og við háskóla og atvinnulíf.



Nemendur og kennarar undirbúa og steypa plötu undir húsið.

Viðburðir og uppbrot á námi og kennslu

Fastir liðir í skólalífinu eru nýnemaferð að hausti, forvarnadagur og fræðsludagur að vori og hausti og sæludagar á vorönn. Einnig er haldinn skólafundur á báðum önnum.

Vikan 6.-10. febrúar var forvarnavika sem hófst á forvarnardegi með næringarfyrirlestri Jóhönnu Eyrúnar Torfadóttur. Sæludagar eru árlegt upprot á námi og kennslu, tengt árshátíð og skipulagt af nemendum. Á skólafundi vorannar sem var haldinn 13. mars ræddu nemendur draumsýn sína um mótuneyti nemenda og um félagslíf nemenda.

Nýnemaferðin hófst í skógræktarreit skólans, Kristínarlundi í Grímsnesi, þar sem nýnemar plöntuðu trjám. Því næst lá leiðin á Úlfjótssvatn þar sem nemendur sigldu á vatninu og grilluðu pylsur. Að loknum skoðunarferðum endaði dagurinn með hamborgaraveislu í matsal skólans.

Á fræðsludegi í september fóru nemendur í ýmsar vettvangsferðir undir leiðsögn kennara. Á forvarnadegi á haustönn, þann 26. september, hlýddu nemendur á fyrirlestur Þórdísar Elvu Þorvaldsdóttur um stafrænt ofbeldi. Skólafundur haustannar var með alveg nýju sniði, skipulagður af Svövu Gunnarsdóttur félagsmálafulltrúa. Haldið var heimskaffi og rætt um nokkur þemu: Íslenskuþorpið, raunmætingu, skólareglur, skólaráð og mótuneyti. Þátttakan var frábær og umræður mjög árangursríkar. Skýrsla var gefin út eftir fundinn með mörgum mikilvægum ábendingum til stjórnenda og kennara.

Nemendur skólans tóku þátt í ýmsum keppnum eins og Söngkeppni og forritunarkeppni framhaldsskólanna, Gettu betur og Íslandsmóti iðn- og verkgreina.



Mín framtíð, Íslandsmót iðn- og verkgreina með kynningum á námstilboði framhaldsskólanna fór fram í Laugardalshöll 16.-18. mars. FB var með glæsilegan kynningarbás í höllinni þar sem fulltrúar úr hópi starfsfólks og nemenda kynntu nám á ólíkum brautum skólans auk þess sem nemendur í húsasmíði, rafvirkjun og snyrtifræði tóku þátt í Íslandsmótinu. Nemendur á sjúkraliðabraut mældu blóðþrýsting og mettun hjá gestum og gangandi, nemendur á listasviði teiknuðu andlitsmyndir, hægt var að fylgjast með nemendum á tölvubraut forrita og FabLab var á sínum stað svo eitthvað sé nefnt.

Nemendur á starfsbraut gerðu góðverk í desember þegar þau seldu vörur á jólamarkaði og gáfu SOS Barnaþorpum allan afrakstur sölunnar.



Nemendur á starfsbraut gáfu 88.800 kr. til SOS Barnaþorpa.

“Hönnun og endurnýting” er áfangi á fata- og textílbraut og þau stóðu fyrir fatamarkaði þar sem notuð föt voru gefin eða seld ódýrt. Markmiðið var að gamlar flíkur eignist nýtt líf hjá nýjum eigendum og var markaðurinn liður í að sporna við hraðtísku eða ‘fast fashion’ sem einkennist m.a. af ódýru hráefni og slæmri meðferð á starfsfólki.



Nemendur á fata- og textílbraut fóru í fjölmargar vettvangsheimsóknir á árinu og má þar meðal annars nefna heimsóknir í Ístex, Varma, Þjóðminjasafnið, Hönnunarsafnið og á Hönnunarmars þar sem Logi Pedró kynnti listviðburðinn „Skapalón“ fyrir nemendum. Einnig sýna nemendur á fata- og textílbraut árlega lokaverkefni sín á tíkusýningu Unglistar í Hinu húsinu og að þessu sinni var aðeins einn nemandi að vinna lokaverkefni og tók hún þátt í sýningunni.

Masha úr Pussy Riot tók á móti nemendum listnáms FB í janúar og veitti þeim persónulega leiðsögn um sýninguna „Kling og Bang“. "Við matarborðið" var samvinnuverkefni myndlistarbrautar skólans og Borgarbókasafnsins þar sem nemendur hittu starfandi hönnuði og listamenn. Einnig tóku nemendur á myndlistarbraut þátt í sýningum á vegum Unglistar í Hinu Húsinu og sýndu bæði í Gerðubergi og á Árbæjarsafni. Ekki má gleyma sýningum í Gallerí Gubb þar sem nemendur sýna verk sín innan veggja skólans.



Þverfaglegur umhverfispemadagur var haldinn í mars þar sem nemendur og kennarar stóðu saman að því á jafningjagrundvelli að undirbúa kennslu fyrir nemendahóp. Voru Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna höfð að leiðarljósi og dagurinn var mjög lærdómsríkur.



Erlent samstarf er með miklum blóma í skólanum. Í upphafi árs hlaut skólinn Erasmus+ (Accreditation) frá Landsskrifstofu Erasmus+. Gildir aðildin til ársins 2027. Á árinu kepptu fjórir nemendur í Erasmus+ frumkvöðlaverkefninu „European Voice of Tomorrow“ sem var haldið í Finnlandi ásamt nemendum og kennurum frá Ítalíu, Portúgal, Finnlandi og Noregi.

Fata- og textílbraut vann í eTwinning verkefninu „Barist gegn hraðtísku“ með skólum í Þýskalandi

og Eistlandi. Einnig unnu þau að eTwinning verkefninu „Tískupennavinur“ með skólum í Frakklandi, Moldóvíu, Króatíu. Þar var unnið saman í þörum að hönnun á endurnýtanlegu gallaefni. Að lokum fengu tíu nemendur á fata- og textílbraut Nordplus styrk og fóru til Kaupmannahafnar og heimsóttu vinnustofur og hönnuði samhliða verkefnum um endurhönnun. Vorið 2023 fóru hópur nemenda sem endranær utan í starfsþjálfun á vegum Erasmus+ til mánaðardvalar. Fimm nemendur af húsasmiðbraut fóru til Danmerkur, þrír nemendur af rafvirkjabraut fóru til Eistlands, þrír nemendur af snyrtibraut fóru til Tenerife til starfa á stýrtistofum og einn nemandi af sjúkraliðabraut fór til Danmerkur. FB tók á móti verknámsnemum frá ýmsum löndum sem voru í starfsnámi hjá fyrirtækjum í byggingariðnaði og rafiðnaði. Á haustönn fóru nemendur af náttúruvísindabraut og fata- og textílbraut ásamt kennurum til Danmerkur með styrk frá Nordplus sjóðnum. Heimsóttu þau NEXT menntaskólann í Kaupmannahöfn og unnu nemendur saman að ákveðnu verkefnum varðandi umhverfismál. Eins og undanfarin ár tókum við á móti kennurum frá ýmsum löndum sem komu með styrk frá Erasmus+ í skuggakennslu til skamms tíma (Job Shadowing).

Félagslíf nemenda var líflegt á árinu. Söngkeppni FB var vel heppnuð og við áttum flottan fulltrúa í Söngkeppni framhaldsskólanna. Árshátíð nemenda í Origóhöllinni að Hlíðarenda var mjög vel heppnuð og þar skemmtu rúmlega 100 þrúðir nemendur sér fram á nótt. Rétt fyrir skólalok voru svo kosningar í nemendafélag og tók því ný stjórn við í upphafi næsta skólaárs.

Fyrir upphaf skólaársins 2023-24 var ráðinn nýr félags- og forvarnafulltrúi til skólans.

Mikið líf var haustið 2023. Haldin voru tvö böll á önninni, Nýnemaball í samstarfi FÁ og Borgarholtsskóla og Stórball í samstarfi við FÁ, Borgarholtsskóla, Tækniskólann og FMos. Bæði böll gengu vel, frábær mæting og ákveðið var áframhaldandi samstarf með skólunum fimm. Nýnemaferð var haldin í byrjun annar og þátttaka frábær. Alla miðvikudaga hélt nemendafélagið úti félagslífi í almennu gati klukkan 11. Sem dæmi um miðvikudagsviðburði eru íþróttakeppnir, frír matur og ís, bingó og karaoke. Miðvikudögum var skipt niður á stjórn og nefndir sem sáu um alla skipulagningu og framkvæmd. Mjög góð þátttaka var á flesta miðvikudagsviðburði. Fastir miðvikudagsviðburðir voru skákklúbbur og foreldrahitningar en misgóð þátttaka var eftir dögum. Eins og síðastliðin ár hefur Nördanefndin verið mjög sterk og hélt úti spilakvöldum á þriðjudagskvöldum og biónkvöldum annað hvert fimmtudagskvöld. FB hóf haustið 2023 samstarf við félagsmiðstöðina Miðberg um að nemendur skólans væru velkomnir á 16 ára+ opnanir á fimmtudagskvöldum. Skemmtinefndin sá um að halda úti dagskrá í ungmennahúsinu Miðbergi 16+ alla fimmtudaga milli 20:00-22:30.

3. Nemendatölur


Á haustönn 2023 voru nemendur 1226 í dagskóla og tæplega 652 í kvöldskóla, eða samtals 1878 í skólanum.

Fjöldi nemenda í dagskóla eftir námssviðum og brautum 2021-2023									
Tegund náms	2021V	2021H	2021	2022V	2022H	2022	2023V	2023H	2023
Undirbúnings/stuðningsnám			10,10%			11,80%			12%
Framhaldsskólabraut	45	51		40	41		24	33	
Starfsbraut	51	50		50	55		51	54	
Íslenskubraut fyrir útlendinga	20	27		44	46		54	66	
Nám til stúdentsprófs			33,50%			31,80%			31%
Félagsvísindabraut	94	83		69	73		57	64	
Hugvísindabraut	7	4		1	0		0	0	
Náttúruvísindabraut	44	47		38	42		28	34	
Íþróttabraut	38	44		43	62		55	54	
Tölvubraut	65	57		54	54		48	52	
Opin braut	160	161		150	154		157	180	
Iðn- og verknám			42,70%			42,10%			42,80%
Húsasmíðabraut	124	154		147	163		148	153	
Rafvirkjabraut	158	160		153	156		156	158	
Sjúkraliðabraut	86	86		63	75		78	78	
Snyrtibraut	122	120		96	120		98	130	
Stúdentspróf að loknu starfsnámi	9	6		5	2		2	5	
Listnám			13,70%			14,30%			14,10%
Fata- og textílbraut	28	37		35	51		43	49	
Myndlistarbraut	106	116		105	117		113	101	
Nýsköpunarbraut	9	5		0	0		0	0	
Nýsköpun, hönnun og listir	14	14		14	12		9	15	
Samtals	1180	1222	100%	1107	1223	100%			100%
Nemendur í leyfi									
Virkir dagskólanemendur	1180	1222		1107	1223		1121	1226	
Nemendur í kvöldskóla	579	599		646	610		617	652	
Samtals í skólanum	1759	1821		1753	1833		1738	1878	

Taflan hér að ofan sýnir hvernig nemendur raðast niður á námssvið dagskólans síðustu þrjú ár. Um 31% eru á bóknámsbrautum, um 43% á verknámsbrautum, um 14% í listnámi og um 12% í undirbúningsnámi og á starfsbraut. Nemendur kvöldskóla eru flestir í verknámi eins og sést á töflunni hér að neðan, þ.e. í sjúkraliðanámi, rafvirkjun og húsasmíði.

Fjöldi nemenda í kvöldskóla eftir námssviðum og brautum 2021-2023									
Tegund náms	2021V	2021H	2021	2022V	2022H	2022	2023V	2023H	2023
Undirbúnings/stuðningsnám			1%			5%			8%
Íslenskubraut fyrir útlendinga		11		22	34		40	55	
Nám til stúdentsprófs			11%			8%			4%
Félagsvísindabraut	7	4		7	8		6	3	
Náttúruvísindabraut	0	0		0	0		0	0	
Íþróttabraut	1			0	0		0	0	
Opin braut	63	53		44	35		25	10	
Iðn- og verknám			88%			88%			89%
Húsasmíðabraut	146	162		177	162		172	197	
Rafvirkjabraut	173	177		202	192		212	206	
Sjúkraliðabraut	181	179		192	178		162	176	
Snyrtibraut	1	1		0	0		0	1	
Stúdentspróf að loknu starfsnámi	7	11		2	1		0	4	
Listnám			0%						0%
Myndlistarbraut		1		0	0		0	0	
Samtals	579	599	100%	646	610	100%	617	652	100%

Fróðlegt er að skoða fjölda útskrifta eftir brautum skólans á árabilinu 2019-2023:



Á árinu 2023 útskrifuðust 333 nemendur frá skólanum. 30 útskrifuðust af sjúkraliðabaut, 68 af húsasmíðabaut, 70 af rafvirkjabaut, 20 af snyrtibraut og 49 með stúdentspróf að loknu starfsnámi. Af bóknámsbrautum útskrifuðust 63 nemendur, 21 af listnámsbrautum og 12 af starfsbraut. Sífellt stærra hlutfall útskrifaðra koma af verknámsbrautum skólans.

Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslega skiptingu útskrifta eftir sviðum á árabilinu 2020-2023:

Skipting útskrifaðra frá FB eftir gerð náms 2020-2023								
	Fjöldi				Hlutfall útskrifaðra			
Bóknám, listnám, verknám	2020	2021	2022	2023	2020	2021	2022	2023
Bóknámsstúdentspróf	73	72	63	63	27%	24%	23%	21%
Listnám (lýkur yfirl. með stúdentsprófi)	22	25	13	21	8%	8%	5%	7%
Verknám (og stúdentspróf að því loknu)	171	199	185	203	62%	66%	69%	68%
Starfsbraut	9	8	9	12	3%	3%	3%	4%
Samtals	275	304	270	299	100%	100%	100%	100%

4. Markmiðasetning í stefnumiðaðri áætlun 2024-26

Í stefnumiðaðri áætlun skólans fyrir árin 2024-2026 eru sett fram markmið fyrir starfsemina, kjarnastarfsemi sem er menntun nemenda og rekstrarþætti. Markmiðin eru: að fjölga nemendum í verknámi og jafna kynjadreifingu (A1); að bæta námsárangur og námsframvindu nemenda (A2) og að hlúa að vellíðan nemenda og stuðla að jöfnuði (A3). Taflan sýnir nokkrar mælingar tengdar þessum markmiðum.

	Staðan haust 2022	Staðan haust 2023
A1: Fjölga verknámsnemendum		
Hlutfall nemenda sem lýkur starfsnámi vs. bóknámi til stúdentsprófs (kynskipt).	Alls 238 KK 25/10 KVK 15/10	Alls 248 KK 34/10 KVK 25/10
A2: Bæta námsárangur		
Hlutfall áfanga sem nemendur dagskóla ljúka með fullnægjandi árangri.	76%	75%
Hlutfall útskrifaðra af heildar-nemendafjölda dag- og kvöldskóla.	5,84%	7,11%
Hlutfall erlendra nemenda í dagskóla.	22%	23%
A3: Auka gæði menntunar		
Hlutfall sem standast byrjunaráfanga í íslensku (ISLE2II05) og stærðfræði (STÆR2RM05)	ISLE: 60% STÆR: 52,5%	ÍSLE: 73% STÆR: 61%

Markmið um rekstrarþætti í stefnumiðaðri áætlun eru að efla gæðastjórnun (B1), auka starfsánægju (B2) og stuðla að kolefnislausri framtíð (B3), m.a. með grænu bókhaldi.

Skólinn fékk jafnlaunavottun endurnýjaða til þriggja ára að lokinni úttekt á haustdögum. Enn er unnið að því að innleiða rafrænt skjalakerfi, *Workpoint*. Langþráður draumur um byggingu

hjóltreiddaskýlis hefur enn ekki náðst. Undir stjórn Framkvæmdasýslu ríkisins er unnið að undirbúningi nýrrar verknámsbyggingar sem rísa á við Hraunberg.

5. Skólaþróun

Skólaþróunarhópar, sem í voru flestir starfsmenn skólans og nokkrir nemendur, sátu fundi flesta mánudagsmorgna á vorönn 2023. Vinnan hófst á því að skoða hvernig skóla við viljum skapa. Í kjölfarið fékk hópurinn ílag í formi kynningar á þýskum skóla, ESBZ í Berlín þar sem lögð er áhersla á nemendasjálfstæði og valdeflingu nemenda. Valdefling og sjálfsefning nemenda og kennara voru hugtök sem hópurinn velti fyrir sér í kjölfarið.

Í lok janúar fengu starfsmenn kynningu á bókinni „Five Paths of Student Engagement“ eftir Andy Hargreaves og Dennis Shirley. Var þar fjallað um hvaða hvata þarf að virkja til þess að fá nemendur til þess að leggja sig fram og hvað þarf að yfirvinna til þess að auka líkurnar á virkni nemenda.

Um miðjan febrúar var haldið málþing í Sunnusal þar sem allir skólaþróunarhóparnir kynntu hugmyndir sem höfðu kviknað í samtali þeirra. Ein hugmyndin var að hafa umhverfispemadaga í upphafi hvers skólaárs. Var ákveðið að nýta annan af tveimur Sæludögum vorannar til þess að prufukeyra slíkan þemadag. Voru tveir mánudagsfundir í kjölfarið nýttir til þess að undirbúa umhverfispemadaginn.

Eftir umhverfispemadaginn og uppgjör á þeirri reynslu var spjótum beint að vellíðan; bæði nemenda og starfsfólks.

Skólaþróunarvinnan hefur skilað fræjum til breytinga á kennsluháttum og eru breyttir starfshættir í kennslu íslensku fyrir erlenda nemendur dæmi þar um. Einnig hefur einn kennari skólans óskað eftir því að fá nemendaborð sem auðvelt er að raða saman í hring til þess að rýmið ýti undir meiri samvinnu nemenda og færi þá bókstaflega nær hvor öðrum. Þá sameinuðu efnafræði- og stærðfræðikennari krafta sína og unnu þverfaglegt verkefni með nemendum sem síðan var kynnt á Menntabúðum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Einnig tóku kennarar þátt í UTÍS online ráðstefnunni, fóru í vettvangsferðir í aðra skóla og sátu hin ýmsu námskeið á vegum fagfélaga sinna. Síðast en ekki síst ber að nefna öflugan hóp áhugasamra kennara um notkun gervigreindar í kennslu sem bauð upp á kynningar og samtal fyrir kennara í hádeginu með jöfnu millibili.

Öllum kennurum var boðinn aðgangur að fagráðstefnunni World Education Summit. Ráðstefnan er í beinu streymi í fjóra daga frá morgni til kvölds og eftir það aðgengileg í heilt ár í formi upptöku.

Málstefna skólans var endurskoðuð á vordögum. Aukið hlutfall erlendra nemenda jók þrýsting á innlögn kennara á ensku. Málstefnan skýrir þá stefnu okkar að skólinn er íslenskur framhaldsskóli þar sem kennsla fer fram á íslensku og það er hlutverk okkar að standa vörð um tungumálið. Þeir nemendur sem vilja stunda nám hér þurfa því að búa yfir nægri þekkingu á íslenskri tungu til þess að geta stundað nám á íslensku.

Skólinn setti stefnu um notkun gervigreindar fyrir árslok 2023 þar sem segir að notkunin skuli uppfylla öll siðferðileg viðmið sem gilda innan skólans og að viðurlög við hvers konar misferli séu hin sömu og við öðru misferli.

Að frumkvæði kennara í íslensku sem annars máls var ákveðið að gera róttækar breytingar á fyrirkomulagi kennslu í ÍSAN áföngum frá og með haustönn 2023. Einstaklingsmiðað nám var innleitt. Hver nemandi vinnur á þeim hraða sem hann ræður við og hefur tækifæri til aukins sjálfstæði í vinnubrögðum. Myndað hefur verið tveggja kennara teymi um kennsluna þar sem tungumálakennari og íslenskukennari vinna saman.

Nýr áfangi - Heimsfræ

Á haustönn 2023 fóru allir nýnemar í nýjan áfanga kallaðan Heimsfræ eða FRÆ-dagur.¹ Hugmyndafræðin á bak við þennan áfanga er sú að nemendur vinna sjálfstætt að sjálfvöldum verkefnum. Einu fyrirmælin sem þeim voru gefin voru þau að verkefnin þurftu að tengjast a.m.k. einu Heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Nemendur byrjuðu á því að kynna sér markmiðin, völdu sér markmið og verkefnin voru svo valin og unnin út frá því. Markmiðið var að höfða til nemenda á fyrsta ári í framhaldsskóla, fá þau til að verða meðvituð um umhverfi sitt og stöðuna í heiminum í dag, en ekki síst læra um og komast að því hvað þau geta gert til að gera heiminn að betri stað. Opna augu þeirra og önnur skilningarvit fá þau til að tengja sig við umheiminn og upplifa sig sem hluta af honum koma auga á þá möguleika sem þau hafa til að áhrif til góðs.



¹ FRÆ-dagur er íslenskun á heitinu FREI-DAY, sem er þýskt kennslumódel fyrir sjálfstýrða AT-vinnu nemenda. Sjá nánar: <https://frei-day.org/>

Nemendur unnu saman að fjölbreyttum verkefnum að eigin vali. Fjölmargir reyndir kennarar voru nemendum innan handar eftir þörfum en verkefnin voru unnin í ati þar sem nemendur ráða sjálfir för. Dæmi um verkefni og það sem nemendur lærðu:

- Unnu með ýmsa miðla: podkast, instagram, myndbönd
- Lærðu sjálf að búa til kannanir, súlurit/skífurit, QR kóða
- Tóku viðtöl og fóru út í bæ í fyrirtæki og stofnanir
- Gerðu góðverk og gáfu í hjálparstarf

Vettvangsnám kennaranema

Skólinn tekur ár hvert á móti kennaranemum frá háskólum landsins. Þeir koma á skipulagða fundi til þess að fræðast um skólann og starfsemi hans, sitja í áhorfi í kennslustundum hjá kennurum og fá tækifæri til þess að spreyta sig í æfingakennslu. Tenging þessi við háskólana veitir skólanum innsýn í strauma og stefnur í kennslufræði og ungu kennaranemarnir koma með ferskan andblæ í starf okkar.

6. Fjármál og rekstur

Framlag ríkissjóðs hækkaði um 242 milljónir milli ára sem var 10,5% hækkun frá fyrra ári og sértekjur hækkuðu um 25,7 milljónir eða um 14%. Munar þar mestu um styrki til erlends samstarfs. Rekstrarkostnaður hækkaði um 286,7 milljónir eða um 11,5% og dreifðist hækkunin á alla útgjaldaliði. Halli er á rekstri skólans og nemur hann 36,8 milljónum fyrir árið 2023. Skólinn á enn uppsafnaðan rekstrarafgang, en brýnt er að snúa hallarekstrinum við.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti: Rekstur 2020-2023				
	2023	2022	2021	2020
Aðrar rekstrartekjur				
Aðrar rekstrartekjur	-18.049.531	-21.960.300	-19.275.100	-16.332.200
Aðrar rekstrartekjur ...	-18.049.531	-21.960.300	-19.275.100	-16.332.200
Sértekjur				
Sértekjur	-190.623.794	-160.971.481	-149.258.807	-113.592.071
Sértekjur ...	-190.623.794	-160.971.481	-149.258.807	-113.592.071
Laun				
Dagvinna	1.194.573.214	1.093.240.930	1.034.975.433	926.162.164
Vaktaálag	1.015.579	993.124	849.287	775.702
Aukagreiðslur	20.655.215	15.976.330	6.896.586	9.839.001
Yfirvinna	544.970.985	469.376.821	453.759.447	386.764.592
Launatengd gjöld	399.195.658	358.514.051	335.006.241	299.958.914
Orlof	5.654.883	3.534.669	6.613.604	6.446.568
Launagjöld ...	2.166.065.534	1.941.635.925	1.838.100.598	1.629.946.941
Ferðir og fundir				
Ferða og dvalarko innanl.	876.762	1.999.466	290.570	238.572
Ferða og dvalarko erl.	18.114.081	19.909.905	1.072.146	5.295.885
Fundir, námskeið, risna	14.515.666	8.148.976	8.178.550	9.771.108
Akstur	4.435.319	2.923.197	1.801.473	703.626
Ferðir og fundir ...	37.941.828	32.981.544	11.342.739	16.009.191
Rekstrarvörur				
Tímarit, blöð og bækur	1.597.602	1.991.258	1.750.347	1.137.179
Skrifstofuvörur og áhöld	13.522.248	11.401.688	11.730.227	11.553.767
Aðrar vörur	51.691.443	42.485.096	33.174.204	47.499.081
Rekstrarvörur ...	66.811.293	55.878.042	46.654.778	60.190.027
Aðkeypt þjónusta				
Tölvu og kerfisfræðiþj.	7.728.778	5.960.605	4.213.876	8.481.592
Önnur sérfræðiþj.	45.155.095	39.935.836	43.759.894	36.833.324
Sími og ýmis leigugj.	23.110.492	21.356.759	16.773.204	13.512.209
Prentun/póstur/augl./flutn.	17.337.183	15.925.808	10.180.799	10.269.213
Aðkeypt þjónusta ...	93.331.548	83.179.008	74.927.773	69.096.338
Húsnæði				
Húsaleiga og aðk. ræsting	339.599.667	305.240.614	292.327.263	295.627.432
Rafmagn og heitt vatn	23.488.215	22.794.469	20.090.217	18.725.447
Verkkaup og byggingavörur	13.446.924	14.833.094	23.270.141	10.589.714
Húsnæði ...	376.534.806	342.868.177	335.687.621	324.942.593
Bifreiðar og vélar				
Verkstæði og varahlutir	245.372	81.352	426.559	101.551
Brensluefni og olíur	261.286	583.282	326.866	575.975
Bifreiðar og vélar ...	506.658	664.634	753.425	677.526
Rekstrarkostnaður				
Vextir, bætur, skattar	1.134.218	375.797	393.580	1.581.907
Afskriftir eigna	41.786.633	39.839.219	33.731.227	29.865.217
Tilfærslur	112.000	102.000	559.116	30.370
Rekstrarkostnaður ...	43.032.851	40.317.016	34.683.923	31.477.494
Framlag ríkissjóðs				
Framlag ríkissjóðs	-2.496.932.260	-2.256.706.695	-2.133.913.080	-1.957.332.322
Framlag til afskrifta	-41.786.633	-39.839.219	-33.731.227	-29.865.217
Framlag ríkissjóðs ...	-2.538.718.893	-2.296.545.914	-2.167.644.307	-1.987.197.539
Rekstrarhalli innan ársins ...	36.832.300	18.046.651	5.972.643	15.218.300

7. Horft fram á veginn

Mikilvægt er að skólinn mæti námsþörfum ungs fólks og gefi þeim færi á að eflast á allan hátt. Nemendur, fjölskyldur og aðrir hagaðilar verða ávallt að geta treyst því að nám í FB sé góður kostur.

Reykjavík í júní 2024,

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari